Málefni fatlaðs fólks

Búsetuúrræði

Heimili með sérherbergi

Alls eru sex herbergjaheimili í Hafnarfirði þar sem íbúar deila sameiginlegu rými en hver íbúi hefur sitt herbergi til umráða. Samkvæmt framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks skal leggja niður herbergjaheimili. Húsnæðið er ýmist í eigu Hafnarfjarðarbæjar, Brynju hússjóðs eða þroskahjálpar. Misjafnt er eftir heimilum hve stór einkarýmin eru. Á einu heimilinu eru bæði íbúðir og herbergi.

Íbúðakjarnar

Í Hafnarfirði eru fimm þjónustuíbúðakjarnar þar sem hver íbúi hefur eigin íbúð til umráða. Í hverjum kjarna búa sex til sjö íbúar. Af þessum fimm kjörnum hafa íbúar í tveimur kjörnum einnig sameiginlegt rými til umráða en tveir hafa ekkert slíkt og á Klukkuvöllum er eingöngu sólstofa sem er sameiginleg.

Búseta	Heimili með sér herbergjum	Kjarni með sameiginlegu rými	Kjarni án sameiginlegs rýmis
Fjöldi eininga	6	2+1= 3	2

Búsetuþjónusta

Alls eru því ellefu sértæk búsetuúrræði í Hafnarfirði með samanlagt 60 íbúum.

Klukkuvellir – nýr búsetukjarni

Nýr búsetukjarni tók til starfa árið 2015 og er hann rekinn af Ás styrktarfélagi samkvæmt þjónustusamningi sem gerður var. Alls búa sex íbúar í þessum nýja búsetukjarna.
Áætlun um uppbyggingu sértækrar búsetuþjónustu í Hafnarfirði var samþykkt af bæjarstjórn vorið 2013. Þá var skrifað undir viljayfirlýsingu við Ás styrktarfélag um byggingu þriggja þjónustuíbúðarkjarna sem ætlaðir eru fyrir fólk með þroskahömlun. Íbúar fluttu inn í fyrsta kjarnann í ágúst 2015. Ás styrktarfélag sagði sig frá verkefninu árið 2017. Þau munu reka búsetukjarnann að Klukkuvöllum en ekki fara í byggingu á fleiri kjörnum.

Staða biðlistans í dag

Staða búsetu			
Tilbúnir að flytja í dag	28		
Ekki tilbúnir að flytja í dag en á næstu árum	18		
Þarf að skoða nánar	10		
Samtals	**56**		

Íbúðakjarnar á áætlun

Þjónustukjarnar	Í skoðun eða á dagskrá	Fjöldi íbúa - lágmark	
Arnarhraun af biðlista	1	6	
Öldutún af biðlista	1	2	
Vinabær af biðlista	1	6	
Fjórði kjarni, vantar lóð	1	2	
Samtals	**4**	**16**	
Þörf til viðbótar	**Fjöldi kjarna**	**Fjöldi íbúa - lágmark**	
Vantar til viðbótar	3.-4.	5. til 6 íbúar	

Samkvæmt Þingsályktun um stefnu og framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2017–2021. Kemur fram eftirfarandi:

F.5. Húsnæðisþörfum fatlaðs fólks verði mætt með fjölbreyttum íbúðarkostum.

Markmið: Að fötluðu fólki standi til boða öruggt íbúðarhúsnæði í samræmi við þarfir sínar.

Lýsing: Öll tækifæri verði nýtt samhliða innleiðingu á nýrri framtíðarskipan húsnæðismála til þess að auka framboð á öruggu og viðeigandi húsnæði til leigu, eða eftir atvikum eignar, fyrir fatlað fólk. Samhliða verði unnið áfram að því að fatlað fólk, sem býr við óboðlegar húsnæðisaðstæður, fái tilboð um betra húsnæði. Enn fremur verði stuðlað að því að húsnæðiskostnaður sé í samræmi við greiðslugetu fatlaðs fólks.

Sveitarfélög geri áætlanir til fjögurra ára um að vinna á biðlistum, m.a. með uppbyggingu sértækra húsnæðisúrræða þar sem þörf er á viðbótarrými vegna fötlunar. Herbergjasambýli verði lögð niður. Fram fari ítarleg þarfagreining sem lögð verði til grundvallar þessum áætlunum. Eftirfylgni með gerð og framkvæmd áætlananna fari fram á samhæfingarvettvangi þar sem haldið verði utan um niðurstöðu þarfagreiningar og aðra skráningu, svo sem vegna biðlista eftir húsnæði.

Ábyrgð: Sveitarfélög/þjónustusvæði

Dæmi um samstarfsaðila: Velferðarráðuneytið, fjármála- og efnahagsráðuneytið, Íbúðalánasjóður og samtök fatlaðs fólks.

Tímabil: 2017–2021.

Kostnaður: Samkvæmt áætlunum sveitarfélaga til fimm ára.

Mælanlegt markmið: Hlutfall fatlaðs fólks á biðlista eftir leiguhúsnæði í eigu sveitarfélagsins lækki.